

Val keppanda til þátttöku á Norðurlandamóti í Boccia á Íslandi 2012.

Við val á keppendum verður notuð sama aðferð og gert hefur verið síðustu ár. Stuðst er við Íslandsmót í einstaklingskeppni tvö síðustu ár. Innan hvernar deildar er raðað upp eftir „Ranking reglu“ CPISRA. Til að jafna bil milli deilda er efsti maður í 2. Deild metinn til jafns við 16. Sæti í 1. Deild. Sama aðferð er notuð milli allra deilda. Sambærilegt og hjá CPISRA þá fyrnast stig smátt og smátt. Þar af leiðandi er 2010 með helmings vægi miðað við 2011.

Síðan er athugað hverjir uppfylla skilyrði fyrir hvern „klassa“ fötlunarflokk. Þeir sem eru efstir í sínum fötlunarflokki eftir „Rankinglistanum“ eru valdir til þátttöku í mótinu. Samkvæmt Norðurlandareglunum meigum við senda 3 keppendur eða eina sveit í öllum flokkum nema klassa 1 með rennu. Þessu til viðbótar meigum við fylla upp auð sæti. Miðað við það hvernig við lesum út úr skráningunum sem eru komnar getum við verið með 6 keppendur í einstraklingskeppni og 2 sveitir í klassa 4. Í þeim flokki eigum við flesta keppendur. Af þeirri ástæðu höfum við lagt til að í klassa 4 spili 3 keppendur þroskaheftir og 3 hreyfihamlaðir í einstaklingskeppni og síðan verði ein sveit frá þroskaheftu og önnur frá hreyfihömluðum í sveitakeppni sem ekki verða skipaðar sömu einstaklingum og í einstaklingskeppninni.

f. h. Boccianefndar

Kalli